

1991 nr. 88 31. desember**Lög um aukatekjur ríkissjóðs**

Tóku gildi 1. janúar 1992. *Breytt með* 1. 1/1992 (tóku gildi 27. jan. 1992 nema 13.–17. og 24. gr. sem tóku gildi 1. febr. 1992), 1. 50/1994 (tóku gildi 20. maí 1994; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 3. gr.), 1. 140/1995 (tóku gildi 29. des. 1995), 1. 143/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), 1. 28/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), 1. 159/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 2. gr. sem tók gildi 30. des. 1998), 1. 8/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), 1. 26/1999 (tóku gildi 1. nóv. 1999), 1. 29/1999 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 55/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 59/2001 (tóku gildi 13. júní 2001), 1. 145/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), 1. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), 1. 144/2004 (tóku gildi 30. des. 2004), 1. 56/2006 (tóku gildi 23. júní 2006 nema 1. gr. sem tók gildi 1. júlí 2006), 1. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), 1. 171/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), 1. 20/2007 (tóku gildi 21. mars 2007), 1. 85/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007), 1. 164/2007 (tóku gildi 29. des. 2007 nema a-liður 1. gr. og a-liður 2. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2008), 1. 83/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema 22. gr. sem tók gildi 20. júní 2008), 1. 132/2008 (tóku gildi 21. nóv. 2008), 1. 161/2008 (tóku gildi 31. des. 2008), 1. 130/2009 (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 35/2010 (tóku gildi 1. nóv. 2010), 1. 49/2010 (tóku gildi 11. júní 2010), 1. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), 1. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 69. gr.), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 146/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013 nema a- og d-liður 2. gr. sem tóku ekki gildi, sbr. 1. 79/2013, 1. gr., og c-liður 2. gr. og 34. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2013; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 35. gr.), 1. 126/2013 (tóku gildi 31. des. 2013), 1. 139/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 9., 13.–14., 16.–17., 22. og 27.–29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.) og 1. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðuneyti** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Dómsmálagjöld.

■ **1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

- | | |
|---|--|
| 1. Fyrir útgáfu stefnu | [15.000 kr.] ¹⁾ |
| 2. [Fyrir þingfestingu: | |
| a. Af stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. | 15.000 kr. |
| b. Af stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og] ²⁾ vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu | 30.000 kr. |
| c. [Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. | 90.000 kr.] ³⁾ |
| d. Af stefnufjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. | 150.000 kr. |
| e. Af stefnufjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það | 250.000 kr.] ³⁾ ¹⁾ |
| 3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns | [15.000 kr.] ¹⁾ |
| 4. Fyrir endurrít og ljósrit á hverja síðu | [250 kr.] ¹⁾ |

□ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

- | | |
|--|--|
| 1. Fyrir kæru | [50.000 kr.] ¹⁾ |
| 2. Fyrir áfrýjunarleyfi | [50.000 kr.] ¹⁾ |
| 3. [Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu: | |
| a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. | 25.000 kr. |
| b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og] ²⁾ vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu | 50.000 kr. |
| c. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. | 130.000 kr.] ³⁾ |
| d. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. | 200.000 kr. |
| e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það | 300.000 kr.] ³⁾ ¹⁾ |
| 4. Fyrir þingfestingu | [25.000 kr.] ¹⁾ |

5. Útivistargjald [50.000 kr.]¹⁾

□ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [15.000 kr.]¹⁾ í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakauka-sök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

- Málum til heimtu vinnulauna.
- Barnsfaðernismálum.
- Málum til vefengingar á faðerni barns.
- Löggræðissviptingarmálum.
- Kjörskrármálum.
- Einkarefsimálum.
- Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

[8. Forsjármálum.

9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.]⁴⁾

¹⁾ L. 130/2009, 20. gr. ²⁾ L. 49/2010, 2. gr. ³⁾ L. 165/2010, 61. gr. ⁴⁾ L. 145/2002, 1. gr.

■ **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

□ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [15.000 kr.]¹⁾ í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

¹⁾ L. 130/2009, 21. gr.

■ **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldprotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við, [þar á meðal gjald fyrir þingfestingu máls skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og gjald fyrir kæru til Hæstaréttar, sem ákveðið skal eftir ákvæðum 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. í stað gjalds skv. 1. tölul., enda sé í málinu deilt um hagsmuni sem afmarkaðir eru með tilgreindum fjárhæðum].¹⁾

□ Þá skal greiða [15.000 kr.]²⁾ í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

- Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
- Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
- Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
- Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
- Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
- Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].²⁾
- Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
- Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].²⁾
- Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

□ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

□ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

□ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

¹⁾ L. 165/2010, 62. gr. ²⁾ L. 130/2009, 22. gr.

[I. kafli A. Gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2006, 1. gr.

■ [3. gr. a. Í málum samkvæmt lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

- a. Fyrir beiðni til héraðsdóms skv. II. kafla laganna [15.000 kr.]¹⁾
- b. Fyrir beiðni til sýslumanns skv. III. kafla laganna [15.000 kr.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 23. gr. ²⁾ L. 56/2006, 1. gr.

II. kafli. Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

■ 4. gr. Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en [5.900 kr.]¹⁾ eða meira en [19.100 kr.]¹⁾ Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

□ Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

□ Við lögbanngerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða [9.500 kr.]¹⁾ í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

¹⁾ L. 130/2009, 24. gr.

■ 5. gr. Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en [17.100 kr.]¹⁾ eða meira en [58.000 kr.]¹⁾ Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en [5.900 kr.]¹⁾ eða meira en [19.100 kr.]¹⁾ Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

□ Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið [28.500 kr.]¹⁾ en ef beiðnin varðar annars konar eign [9.500 kr.]¹⁾

□ Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem

eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

□ Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

¹⁾ L. 130/2009, 25. gr.

■ 6. gr. Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða [9.500 kr.]¹⁾ sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

¹⁾ L. 130/2009, 26. gr.

■ 7. gr. Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbanngerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.

3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

□ Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. kafli. Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

■ 8. gr. Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða [2.000 kr.]¹⁾

□ Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lög-ræðissviptingar. [Jafnframt er þinglýsing skilmálabreytinga á verðtrygðum fasteignaveðlámum vegna greiðslujöfnunar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, undanþegin þinglýsingargjaldi.]²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 27. gr. ²⁾ L. 161/2008, 1. gr.

■ 9. gr. [Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða [2.000 kr.]¹⁾ Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utan-ríkisþjónustunnar framkvæma.]²⁾

□ Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða [3.850 kr.]¹⁾

□ Fyrir drátt í happdrætti skal greiða [5.900 kr.]¹⁾

¹⁾ L. 130/2009, 28. gr. ²⁾ L. 59/2001, 1. gr.

IV. kafli. Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

■ 10. gr. [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða [8.300 kr.]¹⁾

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.

[2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra og sérfræðileyfi til

ljósmæðra, leyfi til hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, leyfi til lyfjafræðinga og sérfræðileyfi til lyfjafræðinga.

3. Leyfi til sjúkrahjálfa og sérfræðileyfi til sjúkrahjálfa, leyfi til félagsráðgjafa og sérfræðileyfi til félagsráðgjafa, leyfi til iðjubjálfa, leyfi til proskabjálfa, leyfi til lífeindafræðinga og sérfræðileyfi til lífeindafræðinga, leyfi til geislafræðinga, leyfi til matvælafræðinga og leyfi til sálfræðinga og sérfræðileyfi til sálfræðinga.²⁾

4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.

5. Leyfi til sjúkraliða.

6. Leyfi til matartækna.

7. Leyfi til lyfjataekna.

8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.

[9. Leyfi til hnykkja (kírópraktora) og osteópata.

10. Leyfi til sjúkraflutningamanna og bráðataekna.

11. Leyfi til næringarfræðinga, næringarráðgjafa og næringarrekstrarfræðinga.²⁾

12. Leyfi til lækningaritara.

13. Leyfi til sjúkranuddara.

14. Leyfi til talmeinafræðinga.

15. [Leyfi til tannfræðinga og tanntækna.]²⁾

[16. Leyfi til tannsmiða.]³⁾

[17.]³⁾ [Leyfi til stóðtækjafræðinga.]²⁾

[18.]³⁾ Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.

[19.]³⁾ [Leyfi til áfengis- og vímuvarnaráðgjafa.]²⁾

[20.]³⁾ ...⁴⁾

[21.]³⁾ Leyfi til bókasafnsfræðinga.

[22.]³⁾ [Leyfi til arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, grafískra hönnuða, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), raffræðinga, skipulagsfræðinga, tæknifræðinga, tölvunarfræðinga og verkfræðinga.]⁵⁾

[23.]³⁾ Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

[24.]³⁾ Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

[25.]³⁾ Leyfi til dómtúlka og/eða skjalapýðenda.

[26. Leyfi til niðurbjórna sjóttjóns.]⁶⁾

[27.]⁶⁾ Leyfi til leigubufreiðaaaksturs.

[28.]⁶⁾ Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.

[29.]⁶⁾ Löggilding endurskoðenda.

[30. Löggilding vigtarmanna.

31. Bráðabirgðalöggilding vigtarmanna.

32. Löggilding rafverktaka.]⁵⁾

[33.]⁵⁾ Löggilding manna um ævitíð.

[34.]⁵⁾ Meistarabréf.

[35.]⁵⁾ Sveinsbréf.

[36.]⁵⁾ Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.

[37.]⁵⁾ Vélstjórnarskírteini.

[38.]⁵⁾ ...⁷⁾

[39.]⁵⁾ ...⁷⁾

[40.]⁵⁾ ...⁷⁾

[41.]⁵⁾ ...⁷⁾

[42.]⁵⁾ Skírteini til kvikmyndasýninga:

a. Staðbundin skírteini.

b. Sveinsskírteini.

c. Meistaraskírteini.

[43.]⁵⁾ Naglabyssuskírteini.

[44.]⁵⁾ Skírteini fyrir suðumenn.

[45. Leyfi til náms- og starfsráðgjafa.]¹⁾

□ Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða [1.650 kr.]¹⁾⁸⁾

¹⁾ L. 130/2009, 29. gr. ²⁾ L. 126/2013, 1. gr. ³⁾ L. 59/2001, 2. gr. ⁴⁾ L. 140/2013, 24. gr. ⁵⁾ L. 20/2007, 1. gr. ⁶⁾ L. 144/2004, 9. gr. ⁷⁾ L. 171/2006, 2. gr. ⁸⁾ L. 55/2000, 1. gr.

V. kafli. Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

■ 11. gr. Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

[1. ...¹⁾

2. ...²⁾³⁾

[3. [Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og

sparisjóði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr.

4. gr. laga nr. 161/2002 [166.000 kr.]⁴⁾²⁾

4. [Leyfisbréf fyrir lánafyrirtæki, sbr. 3.

tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 [166.000 kr.]⁴⁾²⁾⁵⁾

5. [Leyfisbréf fyrir rafeyrisfyrirtæki,

sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr.

161/2002 [166.000 kr.]⁴⁾²⁾

6. [Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki,

sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/

2002 [166.000 kr.]⁴⁾²⁾

7. [Leyfisbréf fyrir verðbréfamíðlun,

sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr.

161/2002 [83.000 kr.]⁴⁾²⁾

8. ...²⁾

[9. [Leyfisbréf fyrir rekstrarfélög verð-

bréfasjóða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.

laga nr. 161/2002 [83.000 kr.]⁴⁾²⁾

[10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr.

laga nr. 110/2007

166.000 kr.

11. Leyfi til að reka markaðstorg fjár-

málagerninga, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga

nr. 110/2007 og g-lið 6. tölul. 1. mgr.

3. gr. laga nr. 161/2002 166.000 kr.]⁶⁾

12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamíðstöðvar,

sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997

[166.000 kr.]⁴⁾

13. [Starfsleyfi váttryggingafélaga, sbr.

18. gr. laga nr. 56/2010

166.000 kr.]⁶⁾⁵⁾

[14.]⁵⁾ [Leyfi til váttryggingarmiðlunar

[83.000 kr.]⁴⁾⁷⁾

[[15.]⁵⁾ [Innheimtuleyfi, sbr. 15. gr. laga nr.

95/2008

[83.000 kr.]⁴⁾⁸⁾⁷⁾

[16.]⁵⁾ ...⁵⁾

[17.]⁵⁾ Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða

fyrir sjávarafla

[83.000 kr.]⁴⁾

[18.]⁵⁾ [Endurnýjun leyfis skv. 15. og 17.

tölul.

[8.300 kr.]⁴⁾⁸⁾

[19.]⁵⁾ ...⁵⁾

[20. Gistileyfi skv. 3. gr. laga um veitinga-

staði, gististaði og skemmtanahald

a. flokkur I [24.000 kr.]⁴⁾

b. flokkur II [24.000 kr.]⁴⁾

c. flokkur III [31.500 kr.]⁴⁾

d. flokkur IV [96.500 kr.]⁴⁾

e. flokkur V [208.500 kr.]⁴⁾

21. Veitingaleyfi skv. 4. gr. laga um veit-

ingastaði, gististaði og skemmtana-

hald

a. flokkur I [24.000 kr.]⁴⁾

b. flokkur II [161.000 kr.]⁴⁾

c. flokkur III [208.500 kr.]⁴⁾

22. Tækifæriseyfi skv. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald [8.000 kr.]⁴⁾
23. Tímabundið áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald [26.000 kr.]⁴⁾
24. Endurnýjun
- a. rekstrarleyfa skv. a–c-lið 20. tölul. og a-lið 21. tölul. [7.100 kr.]⁴⁾
- b. rekstrarleyfa skv. d-lið 20. tölul. [32.500 kr.]⁴⁾
- c. rekstrarleyfa skv. e-lið 20. tölul. og b–c-lið 21. tölul. [64.500 kr.]⁴⁾⁹⁾
- [25.]⁵⁾ ... ¹⁰⁾
- [26.]⁵⁾ ... ¹⁰⁾
- [27.]⁵⁾ Leyfi til að framleiða áfenga drykki [166.000 kr.]⁴⁾
- [[28.]⁵⁾ Áfengisinnflutningsleyfi [25.000 kr.]⁴⁾⁷⁾
- [[29.]⁵⁾ Áfengisheildsöluleyfi [50.000 kr.]⁴⁾⁷⁾
- [[30.]⁵⁾ Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum [8.300 kr.]⁴⁾⁷⁾
- [[31.]⁵⁾ Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis [83.000 kr.]⁴⁾⁷⁾
- [32.]⁵⁾ ... ⁹⁾
- [33. Iðnaðarleyfi]⁵⁾ [41.500 kr.]⁴⁾
- [34. Leyfi til rannsóknna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998 [41.500 kr.]⁴⁾
35. Leyfi til rannsóknna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998 [166.000 kr.]⁴⁾
36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnunum á, í eða undir hafsbottinum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990 [166.000 kr.]⁴⁾⁵⁾
- [[37.]⁵⁾ ... ¹⁾
- [38.]⁵⁾ ... ¹⁾
- [39.]⁵⁾ Leyfi til reksturs pósthjónustu [133.000 kr.]⁴⁾
- [[40.]⁵⁾ Leyfi til myndmiðlunar:
- a. Skammtímaleyfi til allt að þriggja mánaða 15.000 kr.
- b. Almennt leyfi til allt að sjö ára. Gjald fyrir hvert ár sem leyfi er veitt 54.000 kr.
- [41.]⁵⁾ Leyfi til hljóðmiðlunar:
- a. Skammtímaleyfi til allt að þriggja mánaða 9.500 kr.
- b. Almennt leyfi til allt að sjö ára. Gjald fyrir hvert ár sem leyfi er veitt 36.500 kr.
- [42.]⁵⁾ Leyfi til mynd- og hljóðmiðlunar á afmörkuðum svæðum sem fjölmiðlanefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í b-lið 40. tölul. og b-lið 41. tölul.]⁶⁾
- [43.]⁵⁾ Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð
- a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997 [83.000 kr.]⁴⁾
- b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 [50.000 kr.]⁴⁾
- c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997 [16.600 kr.]⁴⁾¹¹⁾
- [44.]⁵⁾ ... ⁵⁾
- [45. Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994 [8.300 kr.]⁴⁾
46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997 [8.300 kr.]⁴⁾
47. ... ⁹⁾
48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973 [8.300 kr.]⁴⁾
49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994,
- a. til tveggja ára [8.300 kr.]⁴⁾
- b. til fimm ára [8.300 kr.]⁴⁾⁵⁾
- [50. Útflutningsleyfi [2.000 kr.]⁴⁾¹²⁾
- [51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja
- a. til fimm ára [41.500 kr.]⁴⁾
- b. endurnýjun leyfis skv. a-lið [4.150 kr.]⁴⁾¹³⁾
- [52. Leyfi til reksturs leiktækjastaðar [8.300 kr.]⁴⁾²⁾
- ¹⁾ L. 144/2004, 10. gr. ²⁾ L. 164/2007, 1. gr. ³⁾ L. 29/1999, 7. gr. ⁴⁾ L. 130/2009, 30. gr. ⁵⁾ L. 55/2000, 2. gr. ⁶⁾ L. 126/2013, 2. gr. ⁷⁾ L. 140/1995, 1. gr. ⁸⁾ L. 161/2008, 3. gr. ⁹⁾ L. 85/2007, 28. gr. ¹⁰⁾ L. 8/1999, 5. gr. ¹¹⁾ L. 159/1998, 3. gr. ¹²⁾ L. 59/2001, 3. gr. ¹³⁾ L. 145/2002, 3. gr.

VI. kafli. Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

■ 12. gr. Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

- Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum [8.300 kr.]¹⁾
- Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul. [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni [41.500 kr.]¹⁾
- Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi [25.000 kr.]¹⁾
- Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul. [5.000 kr.]¹⁾
- Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til kaupa á sprengiefni [10.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar [10.000 kr.]¹⁾
- Skotvopnaleyfi [5.000 kr.]¹⁾
- Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul. [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til reksturs skotvopnaleygu [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda [5.000 kr.]¹⁾
- Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði [5.000 kr.]¹⁾
- Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota [5.000 kr.]¹⁾²⁾
- Leyfi til skoteldasýningar [8.300 kr.]¹⁾
- Brennuleyfi [8.300 kr.]¹⁾³⁾

¹⁾ L. 130/2009, 31. gr. ²⁾ L. 55/2000, 3. gr. ³⁾ L. 59/2001, 4. gr.

VII. kafli. Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

■ **13. gr.** Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. [Skráning hlutafélags og samvinnufélags [250.000 kr.]¹⁾²⁾
2. Skráning einkahlutafélags [og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur]³⁾ [124.500 kr.]¹⁾²⁾
- 3.]²⁾ Skráning erlendra félaga [250.000 kr.]¹⁾
- 4.]²⁾ Skráning firma eins manns [66.500 kr.]¹⁾
- 5.]²⁾ Skráning firma tveggja manna eða fleiri [83.000 kr.]¹⁾
6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög [8.300 kr.]¹⁾²⁾
7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög [124.500 kr.]¹⁾²⁾
- 8.]²⁾ Aukatilkynningar og skráning breytinga [1.650 kr.]¹⁾
- 9.]²⁾ ...⁴⁾
- 10.]²⁾ ...⁴⁾
- 11.]²⁾ ...⁴⁾
- 12.]²⁾ Skráning kaupmála [6.600 kr.]¹⁾
- 13.]²⁾ ...⁵⁾
14. Skráning póstrekenda [16.500 kr.]¹⁾
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptáþjónustu [16.500 kr.]¹⁾⁶⁾
- 16.]⁶⁾ ...⁷⁾

¹⁾ L. 130/2009, 32. gr. ²⁾ L. 140/1995, 2. gr. ³⁾ L. 26/1999, 1. gr. ⁴⁾ L. 171/2006, 2. gr. ⁵⁾ L. 35/2010, 11. gr. ⁶⁾ L. 159/1998, 4. gr. ⁷⁾ L. 55/2000, 4. gr.

VIII. kafli. Ýmis vottorð og leyfi.

■ **14. gr.**

1. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
 - a. Almennt gjald [10.250 kr.]¹⁾
 - b. Fyrir skyndiútgáfu [20.250 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir neyðarvegabréf [5.150 kr.]¹⁾²⁾
- d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.³⁾
2. [Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
 - a. Almennt gjald [4.650 kr.]¹⁾
 - b. Fyrir skyndiútgáfu [9.150 kr.]¹⁾
 - c. Fyrir neyðarvegabréf [2.350 kr.]¹⁾²⁾
3. Fyrir útgáfu diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:
 - a. Fyrir 18–66 ára [8.200 kr.]⁴⁾
 - b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára [16.200 kr.]⁴⁾
 - c. Fyrir aðra [3.100 kr.]⁴⁾
 - d. Skyndiútgáfa fyrir aðra [6.100 kr.]⁴⁾
4. ...⁵⁾
5. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ til gegnumferðar um flughöfn [7.800 kr.]⁶⁾
6. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur) [7.800 kr.]⁶⁾
7. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ til skamms tíma (hámark til 30 daga) [7.800 kr.]⁶⁾
8. [[Fyrir afgreiðslu umsóknar um almenna vegabréfsáritun]⁵⁾ (hámark til 90 daga) [7.800 kr.]⁶⁾⁷⁾
9. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár [7.800 kr.]⁶⁾
10. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár og að auki fyrir hvert viðbótarár [7.800 kr.]⁶⁾ [7.800 kr.]⁶⁾
11. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ til langs tíma [7.800 kr.]⁶⁾
12. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun]⁵⁾ með takmarkað gildisvið [7.800 kr.]⁶⁾
13. [Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritunir]⁵⁾ skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar) og að auki fyrir hvern einstakling [7.800 kr.]⁶⁾ [140 kr.]⁶⁾
14. ...⁷⁾
15. ...⁷⁾³⁾
- 16.]³⁾ Fyrir borgaralega hjónavígslu [7.700 kr.]⁶⁾
- 17.]³⁾ Lögskilnaðarleyfi [4.700 kr.]⁶⁾
- 18.]³⁾ Leyfi til skilnaðar að borði og sæng [3.850 kr.]⁶⁾
- 19.]³⁾ Ættleiðingarleyfi [3.850 kr.]⁶⁾
- 20.]³⁾ Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu [2.000 kr.]⁶⁾
- 21.]³⁾ Fyrir löggildingu leiðarþókar eða véladagbókar [2.000 kr.]⁶⁾
- 22.]³⁾ Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna [2.000 kr.]⁶⁾
- 23.]³⁾ Fyrir veðbókarvottorð [1.500 kr.]⁶⁾
- 24.]³⁾ Fyrir önnur embættisvottorð [2.000 kr.]⁶⁾
- [[25.]³⁾ ...⁸⁾⁹⁾
- [[26.]³⁾ Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannaöfn [6.600 kr.]⁶⁾
- 27.]³⁾ [Fyrir umsókn og tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt:
 - a. Fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt [15.000 kr.]⁶⁾
 - b. Fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt [7.500 kr.]⁶⁾¹⁰⁾¹¹⁾
- [[28.]³⁾ Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni [5.900 kr.]⁶⁾
- 29.]³⁾ Fyrir bráðabirgðaökuskírteini ...¹²⁾ og ökuskírteini fyrir flokkana M og T [3.300 kr.]⁶⁾²⁾
- [[30.]³⁾ Fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri [1.650 kr.]⁶⁾¹²⁾
31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa [8.300 kr.]⁶⁾¹³⁾
32. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir 18 ára og eldri:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi [6.000 kr.]⁶⁾
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi [3.000 kr.]⁶⁾
33. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir yngri en 18 ára:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi [3.000 kr.]⁶⁾
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi [1.500 kr.]⁶⁾

34. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir 18 ára og eldri:
- Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi [12.000 kr.]⁶⁾
 - Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi [12.000 kr.]⁶⁾
 - Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi [6.000 kr.]⁶⁾
35. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir yngri en 18 ára:
- Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi [6.000 kr.]⁶⁾
 - Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi [6.000 kr.]⁶⁾
 - Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi [3.000 kr.]⁶⁾
36. Beiðni til mannanafnanefndar um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá [3.000 kr.]⁶⁾¹⁰⁾
- [Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.]³⁾

¹⁾ L. 139/2013, 29. gr. ²⁾ L. 159/1998, 5. gr. ³⁾ L. 59/2001, 5. gr. ⁴⁾ L. 146/2012, 27. gr. ⁵⁾ L. 164/2007, 2. gr. ⁶⁾ L. 130/2009, 33. gr. ⁷⁾ L. 144/2004, 13. gr. ⁸⁾ L. 83/2008, 24. gr. ⁹⁾ L. 50/1994, 2. gr. ¹⁰⁾ L. 56/2006, 2. gr. ¹¹⁾ L. 143/1997, 10. gr. ¹²⁾ L. 55/2000, 5. gr. ¹³⁾ L. 145/2002, 4. gr.

■ [14. gr. a. Greiða skal í ríkissjóð [2.250 kr.]¹⁾ af hverju skráningarkerki ökutækja.]²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 34. gr. ²⁾ L. 144/2004, 14. gr.

■ [14. gr. b. Greiða skal [2.250 kr.]¹⁾ fyrir ársáskrift að raf-rænni útgáfu Lögbirtingablaðs.]²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 34. gr. ²⁾ L. 56/2006, 3. gr.

[IX. kafli. Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar.]¹⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ [15. gr. Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

- Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis [5.000 kr.]¹⁾
- Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða [5.900 kr.]¹⁾
- Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis [8.300 kr.]¹⁾
- Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana [16.500 kr.]¹⁾
- Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:
 - Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. [5.000 kr.]¹⁾
 - Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr. til 200.000 kr. [12.500 kr.]¹⁾
 - Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en [62.500 kr.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 35. gr. ²⁾ L. 59/2001, 6. gr.

[[X. kafli.] Afgreiðslugjald skipa.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 1/1992, 34. gr.

■ [[16. gr.]¹⁾ [Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau

skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða [30 kr.]²⁾ af hverju nettótonni skipsins.]³⁾ Hálf nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.]⁴⁾

□ Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

□ Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.]⁵⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 130/2009, 36. gr. ³⁾ L. 144/2004, 16. gr. ⁴⁾ L. 140/1995, 3. gr. ⁵⁾ L. 1/1992, 34. gr.

[XI. kafli.]¹⁾ [Ljósrit, endurrit og eftirgerð.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 6. gr.

■ [17. gr.]¹⁾ Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða [250 kr.]²⁾ fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða [1.650 kr.]²⁾

□ [Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skal greiða [250 kr.]²⁾ fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en [125 kr.]²⁾ fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.]³⁾

□ Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

□ [Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., [700 kr.]²⁾

2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., [600 kr.]²⁾

3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku [1.650 kr.]²⁾⁴⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 130/2009, 37. gr. ³⁾ L. 161/2008, 4. gr. ⁴⁾ L. 140/1995, 4. gr.

[[XII. kafli.]¹⁾ Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.]²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ [[18. gr.]¹⁾ Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða [7.500 kr.]²⁾ Þeir sem fara fram á staðfestingu [hlutaðeigandi ráðuneytis]³⁾ á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til [ráðuneytisins]³⁾ til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda,⁴⁾ skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.]⁵⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 130/2009, 38. gr. ³⁾ L. 126/2011, 159. gr. ⁴⁾ Nú l. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. ⁵⁾ L. 143/1997, 11. gr.

[XIII. kafli.]¹⁾ Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ [19. gr.]¹⁾ Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

□ [Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum ráðuneytum innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum.]²⁾

□ Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 159. gr.

■ [20. gr.]¹⁾ [Ráðuneytið]²⁾ ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

□ [Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10.

tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evrunnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.]³⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 159. gr. ³⁾ L. 59/2001, 7. gr.

■ [21. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 140/1995, 5. gr.

■ [22. gr.]¹⁾ [Ráðherra]²⁾ er heimilt með reglugerð³⁾ að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 159. gr. ³⁾ Rg. 162/2006, sbr. 455/2007.

■ [23. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. . . .

¹⁾ L. 59/2001, 6. gr.

■ [Ákvæði til bráðabirgða. [Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–VI í lögum um stimpilgjald.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 49/2010, 3. gr. ²⁾ L. 132/2008, 3. gr.

ELDRRI ÚTGÁFA